



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Vefang www.kpmg.is

Til Bæjarstjórn Garðabæjar

Dags. 1. apríl 2016

Frá KPMG ehf.
Magnús Jónsson, endurskoðandi

Tilv. Minnisblað vegna ársreiknings 2015

Afrit Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri

Ársreikningur 2015

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar ársreikningi Garðabæjar frá fyrri umræðu bæjarstjórnar þann 17. mars sl.

Um er að ræða smávægilegar breytingar á orðalagi, tilfærslu milli málaflokka í skýringu og breytingu á fjárfestingaáætlun vegna tveggja viðauka sem ekki voru inn í þeirra áætlun sem birt var í ársreikningi við fyrri umræðu.

Breytingarnar hafa engin áhrif á rauntölur ársreikningsins, hvorki 2015 né 2014, og engin áhrif á rekstrarreikning fjárhagsáætlunar 2015. Það verða hins vegar breytingar áætlunartölum í skýringum og sjóðstreymi í ársreikningi.

Umræddar breytingar greinast þannig.

- **Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar**
 - Fyrstu málsgrein hefur verið breytt á þann veg að vísun í auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga hefur verið tekin út og nafn reglugerðar uppfært.
- **Skýring 8**
 - Skýringin hefur verið uppfærð með tilliti til nýrrar reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga, á þann veg að heilbrigðismál færast nú í málaflokk 03 en ekki sem hluti af málaflokki 08 eins og áður hefur verið. Um tilfærslu á milli liða er því að ræða.
- **Skýring 9b**
 - Fjárfesting í fasteignum, skv. áætlun 2015 með viðaukum, hækkar um 204 millj. kr., samkvæmt samþykktum viðaukum 18 og 19. Samtals nemur fjárfesting í öðrum fasteignum og lóðum skv. áætlun 2015 með viðaukum því 370 millj. kr.
 - Breytingin hefur engi rekstrarleg áhrif á birta áætlun 2015 og engin áhrif á rauntölur.

- **Sjóðsstreymisyfirlit**
 - Vegna viðauka 18 og 19 breyttust fjárhæðir í áætlun með viðaukum í eftirtöldum liðum:
 - Skammtímaskuldir, breyting
 - Handbært fé frá rekstri
 - Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum
 - Fjárfestingarhreyfingar
 - Skuldir við lánastofnanir, breyting
 - Fjármögnunarhreyfingar
- **Skýring 25 samanburður sjóðstreymisáætlana**
 - Sömu breytingar voru gerðar þar og í sjóðsstreymisyfirlit